


OECD *Multilingual Summaries*
OECD-FAO Agricultural Outlook 2011
Summary in Icelandic



OECD-FAO horfur í landbúnaði 2011

Útdráttur á íslensku

- Þetta er sautjándi útgáfa af Horfum í landbúnaði og sjöunda sameiginlega útgáfan með Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
- Þessi skýrsla fjallar um markaðshorfur fyrir lífrænt eldsneyti, kornvörur, olíufræ, sykur, kjötvörur, mjólkurafurðir og í fyrsta sinn sjávarútveg, fyrir tímabilið 2011-20. Þessi útgáfa inniheldur einnig mat á nýlegri þróun, helstu viðfangsefnum og óvissu á þessum hrávörumörkuðum.
- Spárnar eru niðurstaða náinnar samvinnu við innlenda sérfræðinga í OECD löndum og löndum utan OECD. Aðferð sem var þróuð sameinlega og byggð á AGLINK kerfinu frá OECD og COSIMO kerfi FAO auðveldar viðhalda samræmi í spánum. Með tilliti til G20 viðræðnanna um landbúnað þá er kafli í skýrslunni þetta árið helgaður stefnumörkun sem mótuð er sem svar við verðsveiflum.

Fimmta árið í röð sem einkennist af háu og sveiflukenndu verði

Hrávöruverð hækkaði aftur mikið í ágúst 2010 þegar uppskerubrestur á helstu framleiðslusvæðum og litlar birgðir urðu til að tiltækar birgðir drógust saman og eftirspurn styrktist vegna aukins hagvaxtar á ný í þróunarlöndum og nývaxtarlöndum. Fimmta ár óstöðugleikatímabils á hrávörumarkaði með landbúnaðarvörur er nú að hefjast. Hátt og óstöðugt hrávöruverð og afleiðingar þess fyrir fæðuöryggi eru greinilega meðal mikilvægustu vandamála sem ríki fást við nú á tímum. Þetta kemur greinilega fram í umræðum á G20 ráðstefnu helstu iðnríkja í Seoul í nóvember 2010 og tillögum um aðgerðir sem undirbúnar hafa verið til umfjöllunar á fundi þeirra í París 2011.

Markaðsöfl benda til að verð haldist óstöðugt

Þessar Horfur eru hæfilega bjartsýnar um að hrávöruverð muni lækka frá því verði sem þær voru á 2010-2011 þegar markaðir bregðast við þessu herra verði og þeim hagnaðarmöguleikum sem það veitir. Uppskeyra þessa árs er mjög mikilvæg en það getur tekið nokkurn tíma þar til markaðir ná jafnvægi á ný. Þar til hægt verður að auka birgðir er enn mikil hætta á að verðsveiflur upp á við verði enn til staðar. Þessar Horfur hafa haldið fram þeirri skoðun í síðustu útgáfum að líklegt sé að hrávöruverð í landbúnaði verði í reynd á herra stigi næsta áratuginn miðað við þann fyrri. Langvarandi tímabil þar sem hátt verð ríkir auka erfiðleikana við að ná markmiðum um fæðuöryggi á heimsvísu og meiri hætta er á að fátækari neytendur þjáist af vannæringu.

Mikilvægt er að vísbendingar frá markaðnum berist til framleiðenda til að þeir bregðist við með auknu framboði

Hærra hrávöruverð er jákvæð vísbending til atvinnugreinar sem horft hefur fram á lækkandi raunverð í marga áratugi og er það líklegt til að efla fjárfestingu í bættri framleiðni og aukningu í framleiðslu sem er nauðsynleg til að mæta auknum kröfum um fæðu. Þó eru viðbrögð um aukið framboð háð hinum aukna tilkostnaði við framleiðsluna en á hinn bóginn berst hvatinn, sem herra verð á alþjóðavísu veitir, ekki alltaf til framleiðendanna vegna mikils kostnaðar við milliliði eða inngripa frá stefnu innanlands. Enn fremur hefur hækkandi gengi á helstu framleiðslusvæðum einnig haft áhrif samkeppnishæfni landbúnaðarins og lagt hömlur á viðbrögð um aukna framleiðslu.

Fjárfestinga er þörf til að auka framleiðni

Hægt er að sjá merki um að framleiðslukostnaður fari hækkandi og framleiðsluaukning sé að dragast saman. Orkukostnaður hefur hækkað umtalsvert og sömuleiðis kostnaður við fóður. Einnig hefur þrýstingur frá náttúruauðlindum aukist, einkum hvað varðar vatn og land. Land sem er hæft til landbúnaðar hefur enn dregist saman á mörgum hefðbundnum framleiðslusvæðum og menn neyðast til að flytja framleiðsluna til minna þróaðra svæða og inn á jaðarsvæði með minni frjósemi og aukna hættu á erfiðleikum vegna veðurs. Nauðsynlegt er að gera umtalsverðar fjárfestingar í framleiðsluaukningu til að tryggja að þessi atvinnuvegur geti brugðist við aukinni eftirspurn í framtíðinni.

Helstu skilaboð

Hrávöruverð verður væntanlega herra um skeið

- Landbúnaðarframleiðsla mun væntanlega aukast þegar til skamms tíma er lítið, ef veður helst skaplegt, sem afleiðing af væntanlegri aukningu á framboði sem eru viðbrögð við herra verði. Hrávöruverð ætti að lækka frá því sem það var hæst snemma árs 2011 en í reynd er því spáð að það verði allt að 20% herra á kornvöru (mais) og allt að 30% herra á kjöti (kjúklingum) á tímabilinu 2011-2020 miðað við áratuginn á undan. Hækkunarir á hrávöruverði eru nú að flytjast niður hrávörumarkaðinn inn á hrávöruverð fyrir búfénað.

Verðbólga á matvöru er áhyggjuefni

- Um leið og herra verð á hrávöru hefur áhrif niður fæðukeðjuna þá benda nýleg gögn til að verðbólga á matarverði til neytenda hafi aukist um þessar mundir í flestum löndum og stuðlað að aukinni verðbólgu á neysluverði í heild. Þetta vekur áhyggjur um efnahagslegan stöðugleika og fæðuöryggi í sumum þróunarlöndum þar sem kaupmáttur fátækari þjóða dregst saman.

Spáð er hægari vexti í landbúnaðarframleiðslu

- Heildar landbúnaðarframleiðsla á heimsvísu er talin munu aukast um 1,7% á ári að meðaltali í samanburði við 2,6% á fyrri áratug. Hægari vöxtur er væntanlegur varðandi flestar afurðir, einkum olíufræ og grófkorn sem verða fyrir hærri framleiðslukostnaði og minni aukningu í framleiðni. Vöxtur í framleiðslu á búpeningi verður svipaður og nú er. Þrátt fyrir minni aukningu þá er talið að framleiðsla á mann muni aukast um 0,7% á ári.
- Um allan heim hefur hægt á þeirri aukningu í uppskeru sem spáð var varðandi mikilvægar afurðir og heldur það áfram að auka þrýsting á heimsvæð. Búist er við aukinni framleiðslu frá nýjum framleiðendum þar sem núverandi tækni gefur góða möguleika á að auka uppskeru, þó sveiflur í uppskeru/framboði kunni að verða meiri. Framleiðsluhlutfall frá þróunarlöndum mun halda áfram að aukast á því tímabili sem spáin nær til.

Aukning í fiskframleiðslu sem byggir á fiskirækt

- Framleiðsla fiskafurða, sem er í fyrsta sinn tekin með í þessum Horfum, er talin munu aukast á heimsvísu um 1,3% á ári fram til 2020 og er það minni aukning en á fyrri áratug vegna minni aukningar í fiskirækt (2,8% á móti 5,6% fyrir árin 2001-2010) og fiskveiðum, sem fer minnkandi eða stendur í stað. Árið 2015 er talið að fiskirækt muni fara fram úr fiskveiðum sem mikilvægasta uppspretta fiskafurða til manneldis og árið 2020 muni hún vera orðin um 45% af heildar fiskframleiðslunni (þar með talin notkun önnur en til fæðuöflunar). Í samanburði við árin 2008-2010 þá er talið að meðalverð veidds fiskafla verði um 20% herra árið 2020 á nafnverði borið saman við 50% aukningu hjá tegundum í fiskirækt.

Þróunarlönd eru leiðandi í aukningu á fæðueftirspurn

- Neysla matvæla á mann mun aukast hraðast í Austur-Evrópu, Asíu og Rómönsku Ameríku þar sem tekjur fara hækkandi og fólksfjölgun er á niðurleið. Eftirspurnin verður með mesta móti á jurtaolíum, sykri, kjöt- og mjólkurvörum.

Aukin eftirspurn eftir hráefni til framleiðslu á lífeldsneyti

- Notkun á landbúnaðarafurðum sem hráefni til framleiðslu á lífeldsneyti mun halda áfram að aukast og er það helst vegna tilskipana og stefnu um framleiðslu lífeldsneytis. Árið 2020 er áætlað að 13% af heildar grófkornsframleiðslu heims, 15% af framleiðslu á jurtaolíu og 30% af sykurreyr verði notuð til framleiðslu á lífeldsneyti. Herra olíuverð mun verða til að enn frekari hækkningar verða á notkun hráefnis til framleiðslu lífeldsneytis og þegar olíuverð hefur náð nægilega háu verði verður framleiðsla á lífeldsneyti hagkvæm í mörgum löndum án stuðnings frá stefnumótun.

Viðskipti í landbúnaði kunna að aukast hægar

- Búist er við að viðskipti muni aukast um 2% á ári sem er hægari vöxtur en á fyrri áratug og verður aðeins lítil aukning hjá hefðbundnum útflytjendum og aukin framleiðsla innanlands hjá innflytjendum. Vöxtur verður hraðastur hjá nýtilkomnum útflytjendum í Austur-Evrópu, Mið-Asíu og Rómönsku Ameríku. Aukinn fæðuskortur er væntanlegur í löndunum sunnan Sahara þar sem eftirspurn frá íbúnum fer fram úr aukinni framleiðslu innanlands.

Mjög mikil óvissa er viðvarandi í þessum Horfum

- Slembigreining sýnir fram óvissuna í spám um verðþróun sem eru mjög háðar þeim ályktunum sem liggja að baki þeim og gefur greiningin til kynna að hættan sé á herra verði frekar en lægra. Greiningin staðfestir einnig að ein megin ástæðan fyrir óstöðugu verði á plöntuafurðum á alþjóðamarkaði er af völdum sveiflna í uppskeru

hjá helstu útflutningslöndum. Þurrkar og skógareldar í Rússlandi og Úkraínu og mikil úrkoma í Bandaríkjunum eru dæmi þess hve skjótt jafnvægi á markaðnum getur breyst. Talið er að sveiflur uppskeru á jurtaafurðum vegna veðurs taldar verði enn afdrífari á ástæða fyrir óstöðugleika í verði í framtíðinni.

Óstöðugleiki í verði

Margar ástæður fyrir óstöðugleika í verði

Horfurnar taka til athugunar helstu krafta sem hafa áhrif á óstöðugleika í verði sem valda óvissu og áhættu fyrir framleiðendur, seljendur, neytendur og stjórnvöld. Óstöðugleiki verðs getur haft viðtæk áhrif til hins verra á landbúnað, fæðuöryggi og efnahaginn í heild, bæði í iðnríkjum og þróunarlöndum.

- Veður og loftslagsbreytingar - Ófyrirsjáanleg veðurskilyrði eru tíðustu og mikilvægustu ástæður fyrir óstöðugleika. Loftslagsbreytingar eru að breyta mynstri veðurlagsins en áhrif þeirra á hamfaraatburði vegna veðurs eru ekki ljós.
- Birgðastaða - Birgðastaða hefur löngum átt stóru hlutverki að gegna við að bæta úr misræmi milli eftirspurnar og framboðs á hrávörum. Þegar birgðastaða er lág miðað við notkun eins og nú er ástatt varðandi grófkorn þá kunna sveiflur í verði að vera í miklar.
- Orkuverð - Sveiflur í orkuverði eru að færast yfir á markaði með landbúnaðarafurðir vegna aukinna tengsla bæði við áburðarframleiðslu og flutninga og vegna eftirspurnar eftir hráefni til framleiðslu á lífoldsneyti.
- Gengi - áhrif gengisbreytinga á verð innanlands geta skaðað fæðuöryggi og samkeppnishæfni um allan heim.
- Aukin eftirspurn - ef framboð helst ekki í hendur við eftirspurn, myndast þrýstingur til hækkunar á hrávöruverði. Þar sem tekjur á mann fara hækkandi um allan heim og talið er að sú hækkun geti numið allt að 50% í mörgum fátækari ríkjum, verður eftirspurn eftir matvælum ósveigjanlegri þannig að til þyrftu að koma meiri verðsveiflur til að áhrifa gætti á eftirspurnina.
- Þrýstingur á auðlindir - Meiri tilkostnaður, hægari framför í notkun á tækni, aukin nýting jaðarsvæða og takmarkanir á samræktun og áveituvatni eru hömlur á að aukningu verði á framleiðslu.
- Viðskiptahömlur - Hömlur á innflutning og útflutning magna upp verðsveiflur á alþjóðamörkuðum.
- Spákaupmennska - Margir fræðimenn eru sammála um að spákaupmennska á framvirkum mörkuðum kunni að magna upp verðbreytingar til skamms tíma enda þótt ekki séu óyggjandi sannanir fyrir langtíma kerfisáhrifum á verðsveiflur.

Vandamál við stefnumótun

Auka þarf framleiðni og staðfestu og draga úr sóun

Þessar Horfur benda á bæði mikilvæg vandamál sem varða lausn á fæðuöryggi um allan heim og umtalsverð tækifæri fyrir framleiðendur á matvælum og landbúnaðarvörum sem stafa af hærri meðalverði sem spád er á komandi áratug. Vandamál stefnumótunar er að efla framleiðniaukningu, einkum hjá minni framleiðendum, sem rennir stöðum undir styrk markaðarins gagnvart ytri áföllum, dregur úr sóun og eykur framboð á innanlandsmarkaði á viðráðanlegu verði. Gera þarf fjárfestingar af hálfu hins opinbera á sviði rannsókna og þróunar í landbúnaði, eflingu stofnana og innra skipulags til að auka framleiðni þessa atvinnuvegar og mótstöðuafli hans gagnvart breytingum í veðri og verðlagi svo og minnkandi auðlindum. Fjárfestingar eru nauðsynlegar til að draga úr tapi eftir að uppskeru lýkur. Viðurkenna þarf að sveiflur munu áfram vera hluti af landbúnaðarmörkuðum og því þarf að móta heildstæða stefnu bæði til að draga úr sveiflum þar sem það er hægt og takmarka neikvæð áhrif þeirra.

Bæta upplýsingar á markaði og samhengi í stefnumótun

- Draga úr sveiflum - Aukið gegnsæi markaðarins getur dregið úr verðsveiflum. Gera þarf aukið áttak til að bæta upplýsingar á heimsvísu og innanlands og eftirlitskerfi um markaðsþróun, meðal annars betri upplýsingar um framleiðslu, birgðir og viðskipti með viðkvæmar hrávörur með tilliti til fæðuöryggis. Til að draga úr verðsveiflum þarf að fjarlægja og draga úr skaðlegum áhrifum stefnumótunar svo sem takmarkana á

innflutningi og útflutningi eða niðurgreiðslna og tilskipana varðandi lífelfsneyti. Upplýsingar og gegnsæi í framvirkum mörkuðum ætti að bæta og viðurkenna mikilvæg þess að samræma aðgerðir milli kauphalla.

Leggja áherslu á að vernda hina fátæku og taka upp aðferðir áhættustjórnunar

- Hafa hemil á sveiflum - Félagleg öryggisnet geta veitt viðkvæmustu neytendum stuðning þegar matarverð hækkar en öryggisnet framleiðenda geta verið vörn gegn lágum tekjum og þannig gert þeim kleift að kaupa hráefni og halda framleiðslunni gangandi. Neyðarbirgðir af matvælum til notkunar sem aðstoð við fátæka eru mikilvægar til að draga úr áhrifum háa verðs. Aukið átak þarf að gera til að auðvelda minni framleiðendum aðgang að markaðstengdri áhættustjórnun, með notkun á m.a. kauphöllum fyrir framvirka samninga og hrávöruiðskipti. Stjórnvöld get einnig tekið upp stefnu um áhættustjórnun, svo sem tryggingar, til að fjármagna innflutning matvæla þegar slæmt veður dregur úr innanlandsframleiðslu, eða kaupréttarsamninga til að tryggja innkaup á innfluttum matvælum.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækid vefsíðu okkar www.oecd.org/rights

